

## Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

22. mars 2023

### **Enduskoðun og greining á 200 daga skóladagatali samkvæmt starfsáætlun fræðslunefndar**

Í samræmi við gildandi starfsáætlun fræðslunefndar þá er lagt til að framkvæmdarstjóra fræðslu- og frístundasviðs verði falið að gera greiningu á 200 daga skóladagatali sem unnið hefur verið eftir frá stofnun Krikaskóla árið 2008 og á yngsta stigi Helgafellsskóla.

Greiningin taki tillit til útfærslu skóladagatalsins og hvernig það hefur þróast. Hvað hefur breyst í starfsumhverfi kennara á þessum tíma og þar með talið breytingar sem varða kjarasamningstengt réttindi. Gerður verði samanburður á kostnaði við rekstur 200 daga skóla og þess fyrirkomulags sem tíðkast í öðrum skólum eftir að sumarfrístund var tekin upp. Lagt verði mat á það hvort ástæða þyki til að gera kannanir á upplifun foreldra, nemenda eða starfsfólks eða teknar saman upplýsingar sem aflað hefur verið á síðustu árum í þjónustukönnunum.

Markmiðið með vinnunni er að afla upplýsinga um kosti og galla 200 daga skóla og nota til ákvarðanatöku um framhald þessa fyrirkomulags.